

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar.  
Norðurhelli 2  
Hafnarfirði.

Hafnarfirði 08.01.21.  
málsnr. 1808180.

## **Erindi: Fornubúðir 5, skipulagsbreyting.**

Umsögn.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 15.12. s.l.

*“Þann 30 júní s.l. samþykkti skipulags- og byggingarráð erindi Batterí arkitekta dags. 23.06.2020, f.h. lóðarhafa þar sem farið er fram á breytingu á greinargerð gildandi deiliskipulags.*

*Um er að ræða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi og samþykkti skipulags- og byggingarráð að málsmeðferð yrði í samræmi við 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn sem staðfesti það á fundi sínum þann 16.07.2020. Erindið var grenndarkynnt frá 06.11.2020-04.12.2020. Athugasemd barst.*

*Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að svara innkominni athugasemd.”*

**Sú athugasemd sem barst er frá eiganda Cuxhavengötu 1. Í henni segir:**

“Undirritaður f.h. Kvótasalan ehf., eigandi að fasteign að Cuxhavengötu 1 gerir eftirfarandi athugasemdir við grenndarkynningu vegna Fornubúða 5. Undirritaður mótmælir því að sú breyting verði gerð á deiliskipulaginu að skeytt verði aftan við setningu “s.s. þjónustu og menningarstarfsemi”. Það sem nú segir í deiliskipulagi þ.e. “auk þjónustu við Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu” hefur þá þýðingu að áfram verði miðað við að á lóðinni verði fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi. Breyting sú sem nú er gerð heimilar allar tegundir af þjónustu s.s. Bílaverkstæði, Steypustöð eða t.d. bílapartasala verði í húsnæðinu. Það er algjörlega á skjön við það skipulag sem nú gildir og undirritaður gekk út frá að myndi gilda þegar undirritaður fjárfesti í húsnæðinu Cuxhavengötu 1. Það, að einn fjársterkur aðili, sem greinilega er vel tengdur inn í bæjarfélagið geti algjörlega breytt framtíðar ásynd hafnarsvæðisins er algjörlega óþolandi. Það er ljóst að ef samþykkt verði breyting á deiliskipulagi þarna, á þennan hátt, þá munu aðrir fylgja í kjölfarið og þarna verður þá sennilega framtíðar bílapartasölusvæði eða annað miður umhverfisvænni iðnaður í framtíðinni. Ég mótmæli því algjörlega þessari breytingu á deiliskipulagi.”

**Deiliskipulagsbreytingin sem hér er til umfjölluna tekur til breytinga á greinargerð gildandi deiliskipulags, og er eftirfarandi:**

**Í gildandi greinargerð segir:**

Á lóðinni er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknum og öryggismálum sjófarenda auk þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.”

**Hun verður eftir breytingu:**

“

Á lóðinni er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknum og öryggismálum sjófarenda auk þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Að auki er fjölbreyttari landnotkun heimil, s.s. þjónustu- og menningarstarfsemi.”



Í samþykkt á breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 2018 sem nær til hafnarsvæðisins segir í greinagerð:

**Almenn ákvæði:**

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessara vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Á hafnarsvæðum (H) er einnig gert ráð fyrir öðrum fyrirtækjum og stofnunum, sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknum og öryggismálum sjófarenda. Fjölbreyttari landnotkun er þó heimil samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. þjónustu- og menningarstarfsemi.

Af framangreindu er því ljóst, að umrædd deiliskipulagsbreyting er í fullu samræmi við heimildir í ASH 2015-2025, samanber breytingu þess frá 2018.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.